

Árið 2019 er fjórða fulla rekstrarár Hnefaleikasambandsins. Fjöldi iðkenda á árinu var 1470. Iðkendum innan vébanda HNÍ hefur verið að fjölga ár frá ári og erum við að sjá rúmlega 11% aukningu í iðkendafjölda frá 2018 til 2019.

Ýmsar góðar ákvarðanir voru teknar á árinu varðandi innviði sambandsins. Nýr starfsmaður á skrifstofu, Steinunn Inga Sigurðardóttir, hóf störf í lok árs. Hafist var handa við að koma skipulagi á keppnisbækur, skipulag móta var betrubætt, greiðslur hófust fyrir unna vinnu hjá starfsmönnum sambandsins og þá sér í lagi á mótum, svo eitthvað sé nefnt.

Nýr keppnishringur var keyptur á vormánuðum, sem mun gera sambandinu auðveldara um vik að halda sín mót, sem og leigja hann félögum sem vilja halda mót í stærri húsakynnum.

HNÍ sendi sinn fyrsta lækni á sérstakt hringlæknanámskeið í Osló í september. Okkar reyndasti læknir, Jasek Katorski, fór fyrir okkar hönd og lét vel af námskeiðinu.

EUBC evrópuþing var haldið í Rússlandi í lok febrúar. Ásdís formaður og Birna stjórnarmaður fóru fyrir hönd HNÍ. Stjórn taldi þetta þing nauðsynlegt vegna ýmissa kosninga sem fóru fram á þinginu. Í ljós kom að mikilvægt var að mæta vegna þó nokkurra átaka innan sambandsins.

Reynsla dómara okkar eykst jafnt og þétt og eru þeir duglegir að sækja sér reynslu utan landsteinanna. Enn eitt árið fór í að vinna í að koma okkar reyndustu dómurum á AIBA stjórn réttindanámskeið og höfum við nú komið okkur að hjá Norðurlandþjóðunum. Okkur bauðst aftur að senda tvo dómara á Norðurlandameistarmótið á árinu og gekk þeim vel og eru reynslunni ríkari. Dómaranámskeið var haldið á Akureyri fyrstu helgina í mars, af Árna Stefáni umsjónarmanni, og útskrifuðust þaðan 5 dómara sem hafa verið að vinna sér inn sína æfingarleiki. HNÍ gerði einnig samning við Northwear og geta nú dómara farið þangað og uppfært dómarskyrtur og slaufur.

Félagamót gengu sæmilega á árinu. Árið 2019 voru haldin 4 félagamót, 1 byrjendamót og 9 diplómamót. Einhver mót þurfti að hætta við vegna ónægðrar þátttöku, og er það enn eitthvað sem gerist reglulega.

Í mars hélt HNÍ minningarmót til heiðurs 100 ára afmæli Guðmundar Arasonar, brautryðjanda íslenskra hnefaleika, í húsakynnum HFK í Kópavogi. Mótið var haldið að frumkvæði fjölskyldu, vina og gamalla iðkenda Guðmundar. Vel var mætt á mótið og margir góðir leikir leiknir sem og sýningarleikir gamalla iðkenda. HNÍ afhenti fjölskyldu Guðmundar minningarskjöld frá sambandinu. Valinn var boxari kvöldins, Steinar Thors, sem var fyrstur manna til að hreppa farandbikar Guðmundar Arasonar.

Norðurlandamótið var haldið í Tampere, Finnlandi í lok mars. Ísland fær ekki fast sæti á mótinu fyrr en Ísland heldur NM 2021 og því var eingöngu farið í lausum þyngdarflokkum. Í þetta sinn fóru tveir elite keppendur, bæði í kvenna og karlaflokk, og einn drengur í ungmennaflokk. Keppendur okkar fengu sterka andstæðinga að vanda. Kristín Sif og Emin Kadri sigruðu bæði undanleiki sína og Jafet komst beint í úrslit. Ísland endaði svo með þrjú sannfærandi silfur og mikla reynslu á bakinu.

Norðurlandaráðsfundur var haldinn á mótinu og var þar staðfest að Ísland myndi halda NM árið 2020. Strax eftir mótið var grunnur lagður að því að halda mótið í Reykjanesbæ. Þegar umfang móts varð ljóst ákvað HNÍ að ráða Guðmund Hannesson sem framkvæmdastjóra NM og fórst honum það vel úr hendi. Þó eins og vitum þá var mótinu frestað vegna Covid-19 og hefur nú verið fært til 2021. Guðmundur kláraði nánast allan undirbúning áður en frestun varð og því hefur hann verið fenginn til að taka upp þráðinn á nýju ári.

Fjórða Íslandsmeistaramót HNÍ fór fram um miðjan apríl. Húsnæðismál gengu brösulega og þurfti að skipta um mótsstað stuttu fyrir mót. Einnig kom upp vandamál með lækna og þurfti að aðlaga mótið að því. Mótið var haldið í nýjum húsakynnum Hnefaleikafélags Reykjaness að Smiðjuvöllum í Reykjanesbæ. Einn undanleikur var leikinn og fór hann fram að morgni. Að kvöldi voru svo sex Íslandsmeistaratitlum fagnað; í ungmennaflokki, elite kvenna og elite karla. Arnór Már Grímsson hlaut Bensabikarinn fyrir frammistöðu sína á mótinu. Ein kæra var lögð fram á mótinu, sú fyrsta síðan HNÍ var stofnað.

Tvennar æfingabúðir fyrir hæfileikamótun voru haldnar á árinu. Þær fyrri voru haldnar á Laugarvatni í janúar og voru vel sóttar. Æfingar voru frá föstudegi til sunnudags og góð samvinna náðist á milli félaga. Aðstaðan á Laugarvatni er öll til fyrirmyndar og umhverfið einstakt. Æfingabúðir voru haldnar aftur í ágúst. Ekki tókst að landa Laugarvatni í það skiptið og bauð því Æsir fram húsakynni sín. Þær æfingabúðir lögðu áherslu á sparr og gengu framar vonum.

Hnefaleikafólk ársins var heiðrað, ásamt afreksfólki allra sambanda ÍSÍ, við hátíðlega athöfn í Hörpunni í lok desember. Þau Kristín Sif Björgvinsdóttir og Emin Kadri Eminsson voru valin úr hópi þeirra iðkenda félaga okkar sem þóttu skara fram úr á árinu 2019 og var það annað árið í röð sem þau voru valin.

Hið árlega hnefaleikaping var haldið að vanda í lok maí í Laugardalnum. Ný stjórn var kosin. Jónas Heiðar Birgisson gjaldkeri HNÍ frá upphafi var kvaddur og Birna Árnadóttir kom í hans stað. Steinunn Inga Sigurðardóttir kom ný inn í stjórn. Engar breytingar voru á lögum né reglum.

Mig langar í lokin að þakka kærlega fyrir samvinnuna undanfarin ár. Að koma upp heilu íþróttasambandi og skapa alla innviði þess hefur verið einstaklega lærdómsríkt og mjög krefjandi. En margt gott er hægt að skapa í samvinnu við gott fólk. Ég vona að grunnurinn sem við höfum skapað nýtist HNÍ í framtíðinni og hægt verði að byggja ofan á hann í framhaldi. Ég óska komandi stjórn góðs gengis og þakka fyrir mig.